

Erindisbréf

starfshópur um húsnæðisvanda Brettafélags Hafnarfjarðar

Hlutverk:

Hópurinn er starfshópur um húsnæðisvanda Brettafélags Hafnarfjarðar.

Meginverkefni hópsins er:

- að móta tillögur að framtíðarlausn varðandi húsnæði fyrir starfsemi Brettafélags Hafnarfjarðar.**

Starfshópurinn skal hefja störf eftir að bæjarráð hefur skipað í hópinn og starfar hann í umboði bæjarráðs. Tillögur með hliðsjón af meginverkefni hópsins skal áætlað að liggi fyrir og sé kynnt fyrir bæjarráði í maí 2023.

Skipulag:

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Fundir af hálfu hópsins eru að jafnaði haldnir einu (1) sinni í mánuði, oftast ef sérstök þörf er á. Starfshópurinn tekur þegar til starfa og skal starfstími hans miðast við lok meginverkefna hópsins og nauðsynlegrar eftirfylgni hvað þau varðar.

Skipan starfshópsins:

2 fulltrúar frá meirihluta.

1 fulltrúi frá minnihluta.

Fulltrúi Brettafélags Hafnarfjarðar.

Starfsmaður starfshópsins er:

Íþróttá og tólmstundafulltrúi á skrifstofu æskulýðsmála.

„Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.“

Erindisbréf samþykkt í bæjarráði 3. nóvember 2022.